



Íslensku félagsliðin í Evrópukeppninni

Fimm íslensk félagslið eru í Evrópukeppninni þetta árið en þeim mun fjölga í 6 á næsta keppnistímabili. Þrjú lið, Breiðablik, KA og Víkingur, taka þátt í Evrópukeppni karla og tvö lið, Valur og Stjarnan taka þátt í Evrópukeppni kvenna. Ísland er sem stendur í 43 sæti af 55 karladeildum í Evrópu og hefur hægt og bítandi verið að skrifa upp listann sem þýðir að á næsta ári munu 4 lið frá Íslandi taka þátt karlamegin. Kvennadeildin er sem stendur í 15 sæti af 50 deildum og hefur nokkuð vel haldið stöðu sinni undanfarin ár.

Breiðablik er komið áfram í 2.umferð undankeppni meistaradeildar karla. Liðið lék gegn Shamrock Rovers í 1.umferð undankeppninnar og hafði betur í báðum leikjum og leikur því gegn FC København í 2.umferð undankeppninnar. Breiðablik hefur þar með tryggt sér umspil um sæti í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar en vinni liðið viðureignina gegn danska liðinu mun liðið leika gegn Sparta Prag frá Tékklandi í 3.umferð undankeppninnar. Tapi Breiðablik hins vegar viðureigninni fer liðið í 3.umferð undankeppni Europa League og leikur þar gegn HSK Zrinjski frá Bosnía Hersegóvínu eða Slovan Bratislava frá Slóvakíu. Sigurlið úr þeirri viðureign fer áfram í umspil um sæti í riðlakeppni Europa League en tapliðið fer í umspil um sæti í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar. Breiðablik hefur þegar tryggt sér 1.510.000 evrur eða ríflega 220 milljónir króna með þátttöku sinni í Evrópu.


KA og Víkingur taka þátt undankeppni Sambandsdeildarinnar. Víkingur beið lægri hlut í viðureign sinni gegn Riga frá Lettlandi og er því úr leik þetta árið. KA hins vegar hafði betur í sinni viðureign gegn Connah's Quay Nomads frá Wales í síðustu viku og leikur gegn Dundalk frá Írlandi í næstu viðureign en fyrri leikur liðanna fer fram á Framvellinum í Úlfarsárdal n.k. fimmtudag og seinni leikurinn fer fram í Írlandi fimmtudaginn 3.ágúst. Víkingur tryggði sér 250.000 evrur með þátttöku sinni í undankeppni Sambandsdeildarinnar, eða um 37 milljónir króna en KA hefur þegar tryggt sér 550.000 evrur með sinni þátttöku eða um 81 milljón króna.

Íslandsmeistarar Vals í kvennaflokki leika gegn Ankara frá Tyrklandi í undankeppni meistaradeildarinnar og sigurvegarar úr þeirri viðureign mæta annað hvort KFF Vllaznia frá Albaníu eða FC KFF frá Kosóvó. Valur en númer 48 á styrkleikalistanum hjá UEFA en KFF Vllaznia frá Albaníu er efst af þessum liðum á styrkleikalistanum eða í 35. Sæti. Vinni Valur þessar tvær viðureignir fer liðið í 2.umferð forkeppninnar.


Stjarnan leikur gegn Levante frá Spáni í undankeppni meistaradeildar kvenna og sigurvegari úr þeirri viðureign leikur gegn annað hvort FC Twente frá Hollandi eða Sturm Graz frá Austurríki. Stjarnan var tímabilið 2022 í 39.sæti styrkleikalista UEFA, Levante í 34.sæti listans, Twente í því 38. Og Sturm Graz í 71.sæti.

Hér að neðan má sjá þróun stöðu okkar liða á styrkleikalista UEFA frá árinu 2004. Karlaliðin eru að rétta úr kútnum eftir mögur ár undanfarið og hnignun á listanum allt frá árinu 2017 en kvennaliðin hafa verið á uppleið á sama tímabili og eru búin að festa sig nokkuð vel í sessi í 10-15 sæti listans

UEFA listinn - karlar



UEFA listinn - konur



Áhorfsmet slegin víðs vegar um Evrópu Ísland í 4 sæti miðað við höfðatölu











Áhorfsmet hafa verið slegin í allmörgum deildum í Evrópu að undanförunu og ljóst að stuðningsmenn eru að flykkjast á vellina eftir mikinn samdrátt í áhorfendafjölda vegna Covid.


Sem dæmi má nefna að í tveimur efstu karladeildunum í Svíþjóð hefur áhorfendum fjölgað samanlagt um 100.000 eftir fyrstu 12 umferðirnar og stefnir í að met verði slegið. Meðaláhorfendafjöldi í efstu deild í Svíþjóð er um 10.000 manns en í næst efstu deild um 2.500 og er umtalsverð fjölgun frá fyrri árum, sérstaklega í Superettan sem er næst efsta deild í Svíþjóð.

Í Skotlandi hafa aldrei fleiri áhorfendur mætt á leikina og eru þar langflestir áhorfendur að jafnaði á leikjum miðað við höfðatölu. Ríflega 5 milljónir áhorfenda mættu á leiki í Skotlandi á liðnu tímabili og er það í fyrsta skipti sem áhorfendafjöldinn fer yfir 5.milljónir.

Ísland er í 4.sæti yfir fjölda áhorfenda á hverja 1000 íbúa í hverri umferð í Bestu deildum karla og kvenna og Lengjudeild karla. Eins og fram kemur hér annars staðar í fréttabréfinu hefur áhorfendum verið að fjölga í Bestu deildunum á þessu keppnistímabili.

Fjöldi áhorfenda á hverja 1000 íbúa í hverri umferð

	Skotland	21,3
	Holland	12,9
	Danmörk	12,2
	Ísland	12
	England/Wales	11,4
	Portúgal	11,2
	Spánn	10,6
	Sviss	9,7
	Þýskaland	9
	Belgía	8,2



Flestir áhorfendur á leikjum Breiðabliks

Flestir áhorfendur hafa verið á heimaleikjum Breiðabliks bæði í Bestu deild karla og kvenna.

Í 6 heimaleikjum karlaliðs Breiðabliks hafa verið 1.269 áhorfendur að meðaltali á leik og reyndar hafa jafnframt hefur Breiðablik flesta áhorfendur að meðaltali á útileikjum líka eða 1.011. Næst flestir áhorfendur hafa verið á heimaleikjum Víkings eða 1.121 í 8 leikjum að meðaltali.

Í 5 heimaleikjum kvennaliðs Breiðabliks hafa verið 428 áhorfendur að meðaltali á leik en næst flestir hafa verið á heimaleikjum Vals eða 273. FH er það lið sem hefur haft flesta áhorfendur á útileikjum sínum eða 265 að meðaltali á leik.

Fæstir áhorfendur hafa að jafnaði verið á heimaleikjum ÍBV í Bestu deild karla en á heimaleikjum Keflavíkur í Bestu deild kvenna.


Auknar upplýsingar um Bestu deildirnar á samfélagsmiðlum

Á Youtube má finna Bestu deilda rás, [Besta deildin - YouTube](#) þar sem hægt er að sjá hápunkta úr öllum leikjum Bestu deilda karla og kvenna, Bestu þættina, kynningarefni og ýmis atvik úr leikjum deildanna.

Á heimasíðu Bestu deildanna [Bestadeildin](#) má sömuleiðis sjá hápunkta úr öllum leikjum, leikskýrslur og ýmsa tölfræði sem verið er að bæta reglulega.

Upplýsingar um báðar deildir eru svo aðgengilegar á twitter þar sem allar upplýsingar um næstu leiki eru, skýrslur leikjanna og margt fleira.

Aðgengi að Bestu deildum karla og kvenna er því afar mikið og lagt verulega í að gera deildirnar sem sýnilegastar fyrir áhugasama.





Árleg skýrsla European Leagues – áhugaverðar upplýsingar

Árleg skýrsla European Leagues kom út í byrjun júlí og er þar að finna upplýsingar um allar þær deildarkeppnir sem eru aðilar að samtökunum. Þar liggja fyrir ýmsar afar áhugaverðar upplýsingar en eins og gefur að skilja þar sem Besta deildin er sumardeild eru þessar upplýsingar vegna tímabilsins 2022.

Í skýrslunni koma fram upplýsingar um þrjátíu og fjórar efstu deildir karla í Evrópu auk allmargra neðri deilda karla. Skýrsluna má finna hér [Domestic-Competitions-Season-202324-Overview-2.pdf \(europeanleagues.com\)](#)


VAR

Fram kemur að aðeins 5 af þeim 34 efstu deildum sem eru aðilar að European Leagues hafa ekki innleitt VAR í dómgæsluna. Deildirnar eru Ísland, Malta, Finnland, Írland og Svíþjóð og reyndar hafa liðin í Allsvenskan í Svíþjóð nýverið fella það í atkvæðagreiðslu að innleiða VAR í deildina. Hinar 29 deildirnar hafa allar innleitt VAR en þess ber að geta að ekki eru allar deildir í Evrópu aðilar að European Leagues, t.d. eru Færeyjar ekki með deildarsamtök.

Fjöldi leikja á lið

Í Bestu deild karla eru leiknir 27 leikir á lið og það er aðeins í Kasakstan þar sem leiknir eru færri leikir á lið eða 26. Að jafnaði yfir allar deildirnar eru liðin í efstu deild að spila um 36 leiki eða 9 leikjum fleiri heldur en liðin í Bestu deild karla og munar um minna.

Ýmsan annan samanburð má finna í skýrslunni sem áhugavert er að skoða.



Besti þátturinn í loftið

Besti þátturinn hefur hafið göngu sína á ný og þegar hafa tveir þættir verið sýndir, annars vegar viðureign HK og Breiðabliks og hins vegar viðureign Tindastóls og KR. Þátturinn er með svipuðu sniði og á síðasta ári, keppendur koma frá félögum úr Bestu deildunum og spreya sig á að sparka bolta í göt merktum samstarfsaðilum deildanna, svara spurningum og spila fótbolta boccia.

Alls voru teknir upp 7 þættir og verða þeir sýndir reglulega það sem eftir lifir keppnistímabils. Líkt og í fyrrasumar er það Jón Jónsson sem stýrir þáttunum en reyndar tekur hann jafnframt þátt sem keppandi í einni viðureigninni og óvæntur stjórnandi er í þeim þætti.

Breiðablik sigraði í fyrstu viðureigninni gegn HK og KR hafði betur gegn Tindastóli í stórskemmtilegum þætti. Þættina má finna á youtube rás Bestu deildanna [Besta deildin - YouTube](#).



Frá upptökum á viðureign Tindastóls og KR í Besta þættinum



Gríðarlega auknir möguleikar í knattspyrnu kvenna eftir vel heppnað EM 2022 skv. samantekt UEFA

Í kjölfar vel heppnaðs EM í Englandi á síðasta ári tóku UEFA og Enska knattspyrnusambandið saman ýmsar upplýsingar um þróun á ýmsum sviðum í knattspyrnu kvenna í Evrópu. Skýrslan lýsir helstu áhrifum eftir mót, þar á meðal þróun í þátttöku og áhuga á knattspyrnu kvenna, tækifærin sem hafa skapast á hæstu stigum, fjárhagslegan vöxt og langtíma arfleifð mótsins í knattspyrnu og samfélaginu öllu.

Fram kemur í samantektinni að áhugi á knattspyrnu kvenna hefur aukist verulega um alla Evrópu á undanförunum 12 mánuðum og eru fjölmörg dæmi þar um, bæði hvað varðar fjölda áhorfenda sem og aukinni þátttöku stúlkna í fótbolta.

UEFA nefnir nokkur dæmi um þennan aukna áhuga:

- Á Englandi fór heildaraðsóknin 2022/2023 á kvennadeildina yfir 680.000 áhorfendur sem er aukning um 172% frá fyrra tímabili.
- Í Bundesligu kvenna í Þýskalandi jókst aðsókn á leikina um 231% frá tímabilinu 2021/2022
- AS Roma sló aðsóknarmet á knattspyrnuleik kvenna á Ítalíu í 8 liða úrslitum Meistaradeildar kvenna með 39.454 áhorfendur
- Í Portúgal var hvert áhorfendametið slegið af öðru, þar á meðal mættu 27.000 áhorfendur á Derby slag Benfica og Sporting.
- Í Wales setti Wrexham nýtt aðsóknarmet á kvennaleik með 9.511 áhorfendum en fyrra metið var 5.175 áhorfendur.

Enska knattspyrnusambandið greindi jafnframt frá mestu aukningu á þátttöku meðal stúlkna yngri en 16 ára á milli ára. Gögn sem FA lagði fram voru byggð á áætluðum tölum um heildarþátttöku í hvers kyns fótbolta – með formlegri og frjálslægri þátttöku í fótbolta – og sýndu að það var 140% aukning á þátttöku á tímabilinu eftir mót. Þetta jafngildir 2,3 milljónum fleiri kvenna og stúlkna sem spila fótbolta eftir mót. Að auki segja 84% aðspurðra áhorfenda að EM kvenna 2022 hafi bætt skynjun þeirra á knattspyrnu kvenna.

Þess má jafnframt geta að eftir EM 2022 var í fyrsta skipti greitt til félagsliða sem áttu landsliðsmenn á mótinu og fengu íslensk félög samtals greiddar EUR 70.500 eða um 10,5 milljónir króna á núverandi gengi. Valur fékk um 5,2 milljónir, Breiðablik um 2,5 milljónir, Selfoss 1,5 milljónir, Afturelding um 800 þúsund og Þróttur um 400 þúsund. Ánægjuleg þróun sem klárlega skilar sér inn í íslenska knattspyrnu.

Aukning áhorfendafjölda á Bestu deildir

Að loknum 13 umferðum í Bestu deild karla og 12 umferðum í Bestu deild kvenna hefur áhorfendum fjölgað nokkuð miðað við keppnistímabilið 2022.

Í Bestu deild karla hafa samtals 66.917 áhorfendur mætt á völinn á leikina 78 í 13 umferðum, eða 858 áhorfendur að meðaltali á leik. Að loknum sama leikjafjölda á síðasta keppnistímabili var áhorfendafjöldinn samanlagt 63.745 eða um 817 áhorfendur á leik. Fleiri áhorfendur hafa verið í 9 umferðum af þessum 13 sé miðað við keppnistímabilið 2022, langflestir í 1.umferðinni eða 7.255 en mesta aukningin varð í 13.umferðinni þar sem áhorfendur voru 4.635 á móti 2.772 áhorfendum árið 2022.

Í Bestu deild kvenna hafa samtals 12.843 áhorfendur mætt á leikina 60 í 12 umferðum, eða 214 áhorfendur að meðaltali á leik. Að loknum sama leikjafjölda á síðasta keppnistímabili var áhorfendafjöldinn samanlagt 11.868 eða 198 áhorfendur á leik. Fleiri áhorfendur hafa verið í 7 umferðum af þeim 12 sem lokið er sé miðað við keppnistímabilið 2022, flestir í 1.umferðinni eða 1.662 en mesta aukningin varð í 10.umferðinni þar sem áhorfendur voru 1.264 á móti 549 áhorfendum árið 2022.

Ánægjulegt er að sjá að áhorfendum hefur verið að fjölga í báðum deildum en hér að neðan má sjá áhorfendafjölda í hverri umferð í samanburði við áhorfendafjölda síðasta keppnistímabils í sömu umferðum.

